

ÖNNUR OG ÞRIÐJA VAKTIN

Skipting heimilisstarfa meðal sambúðarfólks

**Niðurstöður spurningakönnunar
meðal félagsfólks ASÍ og BSRB**

Desember 2025



Önnur og þriðja vaktin. Skipting heimilisstarfa meðal sambúðarfólks. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir og Sóllilja Bjarnadóttir
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Sóllilja Bjarnadóttir

Guðrúnartún 1 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-60-2

©Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Meðhöndlun gagna.....	3
2.4	Mælingar	3
2.4.1	Önnur vaktin	3
2.4.2	Þriðja vaktin.....	4
2.5	Bakgrunnsbreytur.....	4
2.5.1	Kyn.....	5
2.6	Úrvinnsla gagna	5
3	Niðurstöður.....	6
3.1	Önnur vaktin	6
3.2	Þriðja vaktin.....	8
3.1	Skipting ólaunaðrar vinnu á heimilum.....	10
4	Viðauki	11
4.1	Lýðfræði.....	11
4.2	Önnur vaktin	11
4.3	Þriðja vaktin.....	13
4.4	Fjöldi heimilisverka	15
	Heimildarskrá.....	16

Myndayfirlit

Mynd 1.	Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um óregluleg heimilispríf.	6
Mynd 2.	Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um umhirðu bíls og reiðhjóla.....	7
Mynd 3.	Hlutfall kvenna og karla sem segja að ábyrgð	7
Mynd 4.	Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um skipulag heimilislífs.....	9
Mynd 5.	Hlutfall kvenna og karla sem sinna meirihluta verkefna annarrar og þriðju vaktarinnar á heimili.	10

Töfluyfirlit

Tafla 1. Dreifing á kynjabreytu meðal sambúðarfólks.....	11
Tafla 2. Önnur vaktin: þvottur (þvo, blettahreinsa, brjóta saman og ganga frá o.s.frv.) eftir kyni.	11
Tafla 3. Önnur vaktin: matarinnkaup og eldamennska (versla inn, elda, ganga frá o.s.frv.) eftir kyni.	11
Tafla 4. Önnur vaktin: regluleg heimilisþrif (þurrka af, skúra, ganga frá hlutum á sinn stað, fara með rusl o.s.frv.) eftir kyni.	11
Tafla 5. Önnur vaktin: óregluleg heimilisþrif (þrífa bakaraofn, ísskáp, kám af veggjum og innréttingum o.s.frv.) eftir kyni.....	12
Tafla 6. Önnur vaktin: viðgerðir, viðhald og verk utandyra (slá gras, reita arfa, planta blómum, snjómokstur, laga það sem bilar, skipta um ljósaperur, bera á pall o.s.frv.) eftir kyni.	12
Tafla 7. Önnur vaktin: umhirða bíls og reiðhjóla (sér um bíl, bílþvott, bílaviðgerðir og viðhald á reiðhjólum o.s.frv.) eftir kyni.....	12
Tafla 8. Önnur vaktin: fjármál fjölskyldunnar (greiða reikninga, gera skattframtal, fjárhagsáætlanir fjölskyldunnar o.s.frv.) eftir kyni.	12
Tafla 9. Þriðja vaktin: skipulag í kringum þvott (passa upp á föt séu hrein fyrir æfingar/ferðalög/veislur, strauja, vita hvernig á að þvo mismunandi fatnað, passa upp á að skór séu hreinir o.s.frv.) eftir kyni.	13
Tafla 10. Þriðja vaktin: skipulag matarinnkaupa og eldamennsku (ákveða hvað á að vera í matinn, fylgjast með birgðum, vita uppáhalds mat fjölskyldunnar, fylgjast með tilboðum o.s.frv.) eftir kyni.....	13
Tafla 11. Þriðja vaktin: skipulag reglulegra heimilisþrifa (sjá til þess að þrif séu gerð á réttum tíma, minna á og úthluta verkefnum o.s.frv.) eftir kyni.	13
Tafla 12. Þriðja vaktin: skipulag óreglulegra heimilisþrifa (vita hvenær á að þrífa hurðahúna, gólflista, bakaraofn, ísskáp o.s.frv.) eftir kyni.	13
Tafla 13. Þriðja vaktin: skipuleggja viðgerðir, viðhald og verk utandyra (vita hvaða plöntur henta best, vita hvaða áburð þarf á grasið, skipuleggja hvenær verk utandyra eru unnin o.s.frv.) eftir kyni.....	14
Tafla 14. Þriðja vaktin: skipuleggja umhirðu bíls og reiðhjóla (vita hvenær þarf þjónustu, skoðun, loft í dekkjum, viðgerðir o.s.frv.) eftir kyni.	14
Tafla 15. Þriðja vaktin: skipulag fjölskyldunnar (skipuleggja daglegt líf, vita hvenær fjölskyldumeðlimir þurfa að fara til læknis, tannlæknis, sjúkraþjálfara, skipuleggja frí, viðburði, afmæli o.s.frv.) eftir kyni.	14
Tafla 16. Þriðja vaktin: sinnir tilfinningalegum þörfum fjölskyldu og ástvina (hlusta, hvetja, hugga o.s.frv.) eftir kyni.	14
Tafla 17. Fjöldi heimilisverka (bæði önnur og þriðja vaktin) sem unnin eru eftir kyni.....	15

1 Inngangur

Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur frá stofnun lagt árlega fyrir könnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB en eitt af markmiðum stofnunarinnar er að rannsaka lífsskilyrði launafólks á Íslandi og gera grein fyrir stöðu þess. Meginniðurstöður könnunarinnar voru birtar árið 2025 og eru aðgengilegar á heimasíðu Vörðu (Varða-Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2025).

Hluti könnunar Vörðu meðal launafólks á Íslandi 2025 laut að verkskiptingu inni á heimilum sambúðarfólks og þeirri ólaunuðu vinnu sem þar fer fram. Í þessari skýrslu er niðurstöðum hvað þennan þátt varðar lýst og eru gögnin greind eftir kyni. Viðfangsefni skýrslunnar er svokölluð önnur og þriðja vakt inni á heimilum sambúðarfólks.

2 Aðferð

Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í spurningakönnun meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og var markmið könnunarinnar að rannsaka fjárhagsstöðu þess ásamt stöðu á húsnæðismarkaði, andlega- og líkamlega heilsu sem og ólaunaða vinnu inni á heimilum. Innan heildarsamtakanna tveggja eru 154.403 félagar í 61 aðildarfélagi (19 félaga innan BSRB og 42 innan ASÍ).

2.1 Fyrirlögn

Könnunin var send út með milligöngu þjónustufyrirtækja stéttarfélaganna. Þjónustufyrirtækin sendu upplýsingar um könnunina og eina ítrekun til félagsfólks, sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði, og var með skráð netfang og/eða símanúmer í félagatali aðildarfélaganna. Alls sáu þjónustufyrirtækin um útsendingu könnunarinnar til félagsfólks í 39 aðildarfélögum heildarsamtakanna tveggja. Fjögur aðildarfélög sendu sjálf upplýsingar um könnunina til félagsfólks síns með sömu skilyrðum. Könnunin var því lögð fyrir félagsfólk í 43 aðildarfélögum heildarsamtakanna. Innan þeirra 43 aðildarfélaga sem tóku þátt eru alls 143.724 félagar. Alls tóku 18 aðildarfélög ekki þátt í könnuninni og eru félagar þeirra alls 10.679. Könnunin og upplýsingar um hana voru á íslensku, ensku og pólsku. Könnunin var rafræn og opin frá 13. júní 2025 til 3. júlí 2025.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin var ætluð félagsfólki í 43 aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem hafði greitt að minnsta kosti eitt iðgjald síðastliðna sex mánuði og var með netfang eða símanúmer skráð í félagatali stéttarfélagsins, alls 141.165 félagar. Af þeim svöruðu 24.644 félagar. Svarhlutfall var 17,42%. Í þessari skýrslu verða aðeins skoðuð gögn um sambúðarfólk þar sem rýnt verður í aðra og þriðju vaktina.

2.3 Meðhöndlun gagna

Áður en gagnagreining hófst voru gögnin skoðuð með tilliti til hversu vel þau endurspegluðu þýðið og hvort nauðsyn væri á að vigta gögnin eftir þekktum eiginleikum þess með tilliti til kyns og annarra þátta. Bakgrunnsbreytur voru auk þess skoðaðar út frá aldri, menntun og uppruna. Gögnin voru prófuð bæði vigtuð og óvigtuð, en þar sem niðurstöður voru sambærilegar eru birtar niðurstöður byggðar á óvigtuðum gögnum. Frekari upplýsingar má finna í skýrslu Vörðu (Varða – Rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, 2025).

2.4 Mælingar

2.4.1 Önnur vaktin

Sjö spurningar sem snéru að ábyrgð sambúðarfólks á daglegum heimilisverkum voru notaðar til að mæla framkvæmd heimilisstarfa sem falla undir aðra vaktina. Það eru verkefni innan heimilisins sem þarf að inna af hendi. Þessar spurningar varða hver innan heimilisins sér um þvott, matseld, regluleg og óregluleg þrif, viðgerðir, umsjón með bifreið og fjármál heimilisins. Markmiðið var að afla upplýsinga um verkskiptingu starfa á heimilum á Íslandi.

Svarmöguleikarnir voru eins fyrir allar spurningar:

1 = *Alltaf ég*

2 = *Yfirleitt ég*

3 = *Jafnt skipt*

4 = *Yfirleitt maki minn*

5 = *Alltaf maki minn*

6 = *Annað (t.d. aðkeypt þjónusta eða aðstoð frá ættingja)*

0 = *Á ekki við/Vil ekki svara*

Við úrvinnslu gagna voru gildin 0 og 6 meðhöndluð sem brottfallsgildi (e. *missing value*) þar sem þau endurspeгла ekki skiptingu ábyrgðar milli sambúðarfólks. Þannig fóru greiningar einungis fram á gildum 1–5, sem veita samanburðarhæfan mælikvarða á skiptingu ábyrgðar á daglegum verkefnum heimilisins.

2.4.2 Þriðja vaktin

Átta spurningar beindust að svokallaðri „þriðju vakt“ meðal sambúðarfólks. Þriðja vaktin er hugtak sem notað er til að lýsa hugrænum verkefnum sem fela í sér skipulag, tilfinningalega vinnu og hinni ósýnilegu samhæfingu sem felst í því að halda utan um alla þætti heimilisins. Spurt var um skipulag í kringum þvott (t.d. að tryggja að ákveðin föt væru hrein á réttum tíma), matseld, þrif (bæði regluleg og óregluleg), viðgerðir, umönnun bifreiðar, skipulag fjölskyldunnar í daglegu lífi og tilfinningavinnu, þ.e. að sinna tilfinningalegum þörfum þeirra sem búa á heimilinu.

Svarmöguleikarnir voru þeir sömu og fyrir aðra vaktina:

1 = *Alltaf ég*

2 = *Yfirleitt ég*

3 = *Jafnt skipt*

4 = *Yfirleitt maki minn*

5 = *Alltaf maki minn*

6 = *Annað (t.d. aðkeypt þjónusta eða aðstoð frá ættingja)*

0 = *Á ekki við/Vil ekki svara*

Líkt og með aðra vaktina voru gildin 0 og 6 meðhöndluð sem brottfallsgildi þar sem þau endurspegla ekki raunverulega skiptingu milli sambúðarfólks. Þannig voru greiningar byggðar á gildum 1–5 sem gefa til kynna beint framlag foreldra eða jafna skiptingu þeirra í tengslum við skipulag og ósýnilegt vinnuálag í fjölskyldulífi.

2.5 Bakgrunnsbreytur

Í þessari skýrslu er sjónum eingöngu beint að fólki í sambúð, þar sem aðeins þeir sem búa með maka fengu spurningarnar um aðra og þriðju vaktina. Spurningin sem lá til grundvallar var: „Hver er hjúskaparstaða þín?“ og einungis svör þeirra sem sögðu að þau væru í sambúð/hjónabandi eða staðfestri sambúð, með eða án barna á heimilinu, voru tekin með í greininguna; þ.e. þeir sem voru einhleypir fengu ekki spurningarnar um skiptingu annarrar og þriðju vaktarinnar á heimilinu. 4.576 einstaklingar voru í sambúð eða hjónabandi og með börn og 5.678 í sambúð eða hjónabandi. Samtals eru það því 10.254 einstaklingar sem hér eru til skoðunar. Bakgrunnsbreytan sem notuð var í skýrslunni er kyn. Til að tryggja samanburðarhæfni og einfalda greiningu voru upprunalegar breytur endurkóðaðar með þeim hætti sem lýst er hér að neðan.

2.5.1 Kyn

Spurningin „Hvert er kyn þitt?“ bauð upp á fimm svarmöguleika: (1) kona, (2) karl, (3) kvár, (4) annað og (5) vil ekki svara. Við úrvinnslu voru svör sameinuð í tvo flokka. Í fyrsta lagi voru svör við „kona“ og „kvár“ sameinuð í einn flokk (kóðað sem 1 = „kona/kvár“). Í öðru lagi var svarmöguleikinn „karl“ haldinn aðskilinn (kóðað sem 2 = „karl“). Svörin „annað“ og „vil ekki svara“ voru kóðuð sem brottfallsgildi en það voru 14 einstaklingar sem merktu við þá svarmöguleika. Að lokinni kóðun voru þessi svör meðhöndluð sem brottfallsgildi og þar með ekki tekin með í greiningu. Lokaniðurstaðan er því tvíkosta breyta sem greinir á milli karla annars vegar og kvenna/kvára hins vegar.

2.6 Úrvinnsla gagna

Aðferðafræðin byggir á samanburði milli hópa en til að meta hvort marktækur munur sé á milli hópa er framkvæmt Persons kí-kvaðrat próf (χ^2). Prófið metur hvort tölfræðilega marktækur munur sé á milli hópa. Miðað var við 95% vikmörk. Í framsetningu niðurstaðna er vísað til hefðbundinna marktæknimarka ($p < 0,05$; $p < 0,01$ eða $p < 0,001$). Í þeim tilfellum þar sem samband reyndist ekki marktækt er tilgreint nákvæmt p-gildi. Þó kí-kvaðrat prófið sýni fram á hvort tengsl séu á milli breyta segir marktektarprófið ekki til um orsakasamhengi.

3 Niðurstöður

Staða karla og kvenna á vinnumarkaði er ólík. Þannig er til að mynda mun algengara að konur en karlar séu í hlutastörfum, séu með lægri atvinnutekjur og kynin starfa auk þess almennt í ólíkum atvinnugreinum. Um þetta var m.a. fjallað í skýrslu Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi (2025). Sú ólíka staða sem birtist meðal karla og kvenna á vinnumarkaði er tilefni þessarar skýrslu.

Niðurstöðurnar sem hér er fjallað um byggja á könnun Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi (2025) þar sem spurt var um heimilisstörf, þ.e.a.s. heimilisverk sem almennt er fjallað um sem verkefni annarrar vaktarinnar og hins vegar skipulag og ut anumhald með verkefnum heimilisins sem flokkast undir þriðju vaktina.


Hér er greint frá skiptingu ólaunaðrar vinnu inni á heimilum meðal sambúðarfólks og eru niðurstöðurnar brotnar niður eftir kyni. Í umfjölluninni er vísað í töflur í viðauka en þar má finna ítarlegri upplýsingar um verkaskiptingu á heimilum sambúðarfólks.

3.1 Önnur vaktin

Spurt var um verkefni heimilisins og hvernig skiptingu þeirra væri háttað meðal sambúðarfólks. Svarendur gáfu upp fyrir hvert og eitt verkefni hvort þeir sinntu því alltaf, yfirleitt, verkefninu væru jafnt skipt eða hvort maki sinnti því yfirleitt eða alltaf. Hér er fjallað um verkefni sem falla undir aðra vaktina sem felst í að sinna verkefnum heimilisins eins og þvotti, matseld, þrifum, viðhaldi, reiðhjólum og bíl sem og fjármálum fjölskyldunnar.

Konur sinna þvotti, og þrifum á heimilum í meira mæli alltaf eða yfirleitt


Gríðarlega mikill munur er á verkaskiptingu karla og kvenna í öllum þeim þáttum sem spurt var um í könnuninni og varða verkefni heimilisins. Þannig er mikill meirihluti kvenna eða tæplega sjö af hverjum tíu sem sinnir alltaf eða yfirleitt óreglulegum heimilisþrifum (71%) (tafla 5) og þvotti (66%) (tafla 2). Meira en helmingur kvenna (56%) sér einnig alltaf eða yfirleitt um regluleg þrif á heimilinu (tafla 4).



Mynd 1. Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um óregluleg heimilisþrif.

Karlar sinna viðhaldi, bílum og reiðhjólum heimilisins í mun meira mæli


Þegar litið er til verkefna utandyra s.s. verkefna tengdum garði, sem og viðhaldi og umsjón með bílum og reiðhjólum heimilisins blasir við gjörólík mynd. Mikill meirihluti karla sinnir alltaf eða yfirleitt viðgerðum, viðhaldi og verkum utandyra eða tæplega átta af hverjum tíu (78%) (tafla 6). Sama á við um umhirðu bíls og reiðhjóla sem meira en átta af hverjum tíu körlum sjá alltaf eða yfirleitt um (85%) (tafla 7).



Mynd 2. Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um umhirðu bíls og reiðhjóla.

Jafnari ábyrgð á fjármálum og matseld

Mjög skýr kynskipting sést í mörgum verkefnum heimilisins en hún virðist ögn jafnari hvað varðar ábyrgð á að innkaupum, matseld og fjármálum heimilisins. Þó hallar á konur þegar kemur að matseld en tæplega helmingur þeirra sinnir því alltaf eða yfirleitt að kaupa inn og elda en það á einungis við um fjórðung karla (47% á móti 25%). Nokkuð hærra hlutfall bæði kvenna og karla segir að ábyrgð á matseld á heimilinu sé jafnt skipt en á við um flest önnur verkefni (43% og 53%) (tafla 3). Jöfn skipting í fjármálum virðist einnig vera algengari en í öðrum verkefnum en tæplega helmingur karla og kvenna segja að þeirri ábyrgð sé jafnt skipt (44% og 50%) en þó er hærra hlutfall karla en kvenna sem ber alltaf eða yfirleitt ábyrgð á að sinna fjármálum (43% á móti 32%) (tafla 8).



Mynd 3. Hlutfall kvenna og karla sem segja að ábyrgð á fjármálum heimilisins sé jöfn.

Ólíkt mat kynjanna á framlagi til heimilisstarfa

Talsverður munur er á hlutfalli kvenna og karla sem telur að verkefnum heimilisins sé jafnt skipt milli sín og maka. Þegar litið er til þeirra verkefna sem konur sinna í meira mæli alltaf eða yfirleitt þ.e. þvotti og heimilisþrifum bæði reglulegum og óreglulegum, sést að tæplega helmingur karla telur að þeim verkefnum sé jafnt skipt milli þeirra og maka. Hins vegar er ekki sama mynstur þegar litið er til verkefna sem karlar sinna í meira mæli eins og viðgerðum eða viðhaldi sem og umsjón með bíl eða reiðhjóli. Mun lægra hlutfall kvenna telur þeim verkefnum jafnt skipt en þær eru hins vegar líklegri til að svara því til að þau verkefni séu yfirleitt eða alltaf unnin af maka en það á við um meira en helming kvennanna.

3.2 Þriðja vaktin

Sambúðarfólk var spurt um heimilisstörf og framkvæmd þeirra en einnig um verkefni sem snúa að skipulagi og almennu utanumhaldi heimilisins sem eru verkefni sem falla undir hina svokölluðu þriðju vakt. Þriðja vaktin er notuð til að lýsa hugrænni byrði sem fylgir því að þurfa að hugsa um og fást við í huganum skipulag daglegs lífs og heimilis.

Konur bera ábyrgð á fleiri þáttum þriðju vaktarinnar

Verkaskipting sambúðarfólks þegar litið er til þeirra verkefna sem falla undir þriðju vaktina er mjög kynjuð eins og einnig kom fram um verkefni annarrar vaktarinnar. Þannig er hærra hlutfall kvenna en karla sem ber alltaf eða yfirleitt ábyrgð á skipulagi fleiri þátta í heimilislífinu. Konur bera í mun meira mæli ábyrgð á skipulagi og utan um haldi flestra þátta sem snúa að rekstri heimilisins. Þannig er umtalsvert hærra hlutfall kvenna en karla sem ber alltaf eða yfirleitt ábyrgð á sex af átta verkefnum þriðju vaktarinnar sem spurt var um í könnuninni.

Konur bera mun meiri ábyrgð á skipulagi í kringum þvott, þrif og mat


Tæplega átta af hverjum tíu konum bera alltaf eða yfirleitt ábyrgð á skipulagi í kringum þvott (75%) og á óreglulegum þrifum (75%). Sjö af hverjum tíu konum skipuleggja alltaf eða yfirleitt regluleg heimilisþrif (69%) og sex af hverjum tíu halda utan um matarskipulag t.d. að ákveða hvað á að vera í matinn (60%).

Karlar skipuleggja viðgerðir og viðhald á húsnæði, bílum og reiðhjólum

Meira en átta af hverjum tíu körlum sjá alltaf eða yfirleitt um skipulag sem tengist bílum eða reiðhjólum en það er til dæmis að vita hvenær þarf að fara með bifreið á verkstæði, í skoðun o.þ.h. (82%) (tafla 14). Auk þess sjá sjö af hverjum tíu körlum alltaf eða yfirleitt um að skipuleggja viðgerðir og viðhald heimilisins (67%).

Skipulag fjölskyldunnar og tilfinningalegur stuðningur við fjölskyldumeðlimi í meira mæli í höndum kvenna

Þegar kemur að því að skipuleggja daglegt líf fjölskyldunnar, vita hvenær fjölskyldumeðlimir þurfa að fara til læknis, tannlæknis o.þ.h. sem og að skipuleggja frí og viðburði í fjölskyldunni sést að konur bera í meira mæli ábyrgð á þeim þáttum. Þannig sjá ríflega sex af hverjum tíu konum í sambúð alltaf eða yfirleitt um það skipulag en sama á við um innan við einn af hverjum tíu körlum (64% á móti 8%) (tafla 15). Þegar kemur að því að sinna tilfinningalegum þörfum fjölskyldunnar sést að það er þó sú ábyrgð sem hvað jafnast er skipt af verkefnum þriðju vaktarinnar milli karla og kvenna en þrátt fyrir það er umtalsvert hærra hlutfall kvenna en karla sem sinnir því alltaf eða yfirleitt (43% á móti 7%) en meira en helmingur kvenna og sjö af hverjum tíu körlum segja að þeirri ábyrgð sé jafnt skipt (55% og 71%) (tafla 16).



Mynd 4. Hlutfall kvenna og karla sem sjá alltaf eða yfirleitt um skipulag heimilislífs.

3.1 Skipting ólaunaðrar vinnu á heimilum

Niðurstöður könnunarinnar sýna að verkaskipting hjá sambúðarfólki er mjög hefðbundin þar sem konur sjá í mun meira mæli um verkefni sem eru dagleg eða unnin oft í viku og innandýra en karlar sjá frekar störf sem eru utandýra og oftar tilfallandi.

Þegar litið er til fjölda verkefna sem konur og karlar sinna á heimilinu hvort sem þau heyra til annarrar eða þriðju vaktarinnar sést mikill munur. Þannig er tæplega helmingur kvenna sem sinnir átta eða fleiri atriðum alltaf eða yfirleitt, sem er meira en helmingur þeirra verkefna sem spurt var um, en það á eingöngu við um 13% karla (47% á móti 13%) (tafla 17).

Vinna alltaf eða yfirleitt meira en helming verkefna heimilisins

Konur



Karlar



Mynd 5. Hlutfall kvenna og karla sem sinna meirihluta verkefna annarrar og þriðju vaktarinnar á heimili.

4 Viðauki

4.1 Lýðfræði

Tafla 1. Dreifing á kynjabreytu meðal sambúðarfólks.

	N	Hlutfall
Konur og kvár	5.303	51,91%
Karlar	4.912	48,09%

4.2 Önnur vaktin

Tafla 2. Önnur vaktin: þvottur (þvo, blettahreinsa, brjóta saman og ganga frá o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	29,43%	3,94%	17,26%
Yfirleitt ég	36,31%	9,17%	23,36%
Jafnt skipt	28,80%	41,91%	35,06%
Yfirleitt maki minn	4,72%	35,63%	19,47%
Alltaf maki minn	0,74%	9,34%	4,85%

$\chi^2(4, N = 9.778) = 3400,00, p < 0.001$

Tafla 3. Önnur vaktin: matarinnkaup og eldamennska (versla inn, elda, ganga frá o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	11,95%	4,99%	8,62%
Yfirleitt ég	35,16%	19,65%	27,74%
Jafnt skipt	42,85%	52,81%	47,61%
Yfirleitt maki minn	9,12%	20,63%	14,63%
Alltaf maki minn	0,92%	1,92%	1,40%

$\chi^2(4, N = 9.798) = 639,45, p < 0.001$

Tafla 4. Önnur vaktin: regluleg heimilisþrif (þurrka af, skúra, ganga frá hlutum á sinn stað, fara með rusl o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	16,91%	2,65%	10,09%
Yfirleitt ég	39,42%	9,69%	25,21%
Jafnt skipt	39,74%	55,37%	47,21%
Yfirleitt maki minn	3,67%	29,81%	16,17%
Alltaf maki minn	0,26%	2,48%	1,32%

$\chi^2(4, N = 9.699) = 2600,00, p < 0.001$

Tafla 5. Önnur vaktin: óregluleg heimilisþrif (þrífa bakaraofn, ísskáp, kám af veggjum og innréttingum o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	34,34%	4,00%	19,88%
Yfirleitt ég	36,89%	13,87%	25,93%
Jafnt skipt	24,10%	47,23%	35,12%
Yfirleitt maki minn	4,17%	30,16%	16,55%
Alltaf maki minn	0,51%	4,73%	2,52%

$\chi^2(4, N = 9.716) = 3100,00, p < 0.001$

Tafla 6. Önnur vaktin: viðgerðir, viðhald og verk utandyra (slá gras, reita arfa, planta blómum, snjómokstur, laga það sem bilar, skipta um ljósaperur, bera á pall o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	3,03%	31,41%	16,85%
Yfirleitt ég	9,65%	46,70%	27,70%
Jafnt skipt	33,18%	20,12%	26,82%
Yfirleitt maki minn	41,90%	1,51%	22,22%
Alltaf maki minn	12,24%	0,27%	6,41%

$\chi^2(4, N = 9.131) = 4500,00, p < 0.001$

Tafla 7. Önnur vaktin: umhirða bíls og reiðhjóla (sér um bíl, bílþvott, bílaviðgerðir og viðhald á reiðhjólum o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	3,43%	47,04%	24,46%
Yfirleitt ég	8,32%	37,82%	22,55%
Jafnt skipt	22,87%	13,42%	18,32%
Yfirleitt maki minn	43,41%	1,34%	23,12%
Alltaf maki minn	21,97%	0,37%	11,56%

$\chi^2(4, N = 9.407) = 5600,00, p < 0.001$

Tafla 8. Önnur vaktin: fjármál fjölskyldunnar (greiða reikninga, gera skattframtal, fjárhagsáætlanir fjölskyldunnar o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	16,49%	20,93%	18,62%
Yfirleitt ég	15,94%	22,12%	18,90%
Jafnt skipt	49,78%	43,60%	46,81%
Yfirleitt maki minn	13,04%	9,82%	11,50%
Alltaf maki minn	4,75%	3,53%	4,16%

$\chi^2(4, N = 9.638) = 124,23, p < 0.001$

4.3 Þriðja vaktin

Tafla 9. Þriðja vaktin: skipulag í kringum þvott (passa upp á föt séu hrein fyrir æfingar/ferðalög/veislur, strauja, vita hvernig á að þvo mismunandi fatnað, passa upp á að skór séu hreinir o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	40,77%	3,76%	23,18%
Yfirleitt ég	34,48%	6,49%	21,17%
Jafnt skipt	22,08%	37,55%	29,44%
Yfirleitt maki minn	2,17%	39,69%	20,01%
Alltaf maki minn	0,50%	12,51%	6,21%

$\chi^2(4, N = 9.566) = 4700,00, p < 0.001$

Tafla 10. Þriðja vaktin: skipulag matarinnkaupa og eldamennsku (ákveða hvað á að vera í matinn, fylgjast með birgðum, vita uppáhalds mat fjölskyldunnar, fylgjast með tilboðum o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	24,88%	4,81%	15,29%
Yfirleitt ég	35,08%	15,42%	25,68%
Jafnt skipt	32,75%	50,06%	41,02%
Yfirleitt maki minn	6,14%	25,40%	15,34%
Alltaf maki minn	1,16%	4,31%	2,67%

$\chi^2(4, N = 9.707) = 1900,00, p < 0.001$

Tafla 11. Þriðja vaktin: skipulag reglulegra heimilisþrifa (sjá til þess að þrif séu gerð á réttum tíma, minna á og úthluta verkefnum o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	31,37%	2,91%	17,79%
Yfirleitt ég	37,80%	7,77%	23,47%
Jafnt skipt	28,40%	46,35%	39,96%
Yfirleitt maki minn	2,13%	36,59%	18,57%
Alltaf maki minn	0,30%	6,38%	3,20%

$\chi^2(4, N = 9.521) = 4000,00, p < 0.001$

Tafla 12. Þriðja vaktin: skipulag óreglulegra heimilisþrifa (vita hvenær á að þrifa hurðahúna, gólflista, bakaraofn, ísskáp o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	37,46%	3,73%	21,37%
Yfirleitt ég	37,36%	11,06%	24,81%
Jafnt skipt	22,08%	44,62%	32,84%
Yfirleitt maki minn	2,72%	33,21%	17,27%
Alltaf maki minn	0,38%	7,37%	3,72%

$\chi^2(4, N = 9.492) = 3900,00, p < 0.001$

Tafla 13. Þriðja vaktin: skipuleggja viðgerðir, viðhald og verk utandyra (vita hvaða plöntur henta best, vita hvaða áburð þarf á grasið, skipuleggja hvenær verk utandyra eru unnin o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	8,02%	26,71%	17,19%
Yfirleitt ég	15,15%	39,82%	27,25%
Jafnt skipt	33,13%	27,91%	30,57%
Yfirleitt maki minn	32,99%	4,72%	19,12%
Alltaf maki minn	10,72%	0,86%	5,88%

$\chi^2(4, N = 8.814) = 2200,00, p < 0.001$

Tafla 14. Þriðja vaktin: skipuleggja umhirðu bíls og reiðhjóla (vita hvenær þarf þjónustu, skoðun, loft í dekkjum, viðgerðir o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	5,70%	43,51%	23,82%
Yfirleitt ég	8,90%	38,57%	23,12%
Jafnt skipt	23,93%	15,58%	19,93%
Yfirleitt maki minn	40,18%	1,79%	21,78%
Alltaf maki minn	21,28%	0,55%	11,35%

$\chi^2(4, N = 9.429) = 4900,00, p < 0.001$

Tafla 15. Þriðja vaktin: skipulag fjölskyldunnar (skipuleggja daglegt líf, vita hvenær fjölskyldumeðlimir þurfa að fara til læknis, tannlæknis, sjúkrahjálfa, skipuleggja frí, viðburði, afmæli o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	25,97%	3,09%	14,99%
Yfirleitt ég	37,62%	5,23%	22,08%
Jafnt skipt	34,81%	58,22%	46,04%
Yfirleitt maki minn	1,41%	29,02%	14,66%
Alltaf maki minn	0,19%	4,44%	2,23%

$\chi^2(4, N = 9.291) = 3600,00, p < 0.001$

Tafla 16. Þriðja vaktin: sinnir tilfinningalegum þörfum fjölskyldu og ástvina (hlusta, hvetja, hugga o.s.frv.) eftir kyni.

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Alltaf ég	13,31%	1,98%	7,94%
Yfirleitt ég	29,66%	5,42%	18,17%
Jafnt skipt	55,27%	70,60%	62,53%
Yfirleitt maki minn	1,64%	19,23%	9,98%
Alltaf maki minn	0,12%	2,77%	1,37%

$\chi^2(4, N = 9.382) = 2100,00, p < 0.001$

4.4 Fjöldi heimilisverka

Tafla 17. *Fjöldi heimilisverka (bæði önnur og þriðja vaktin) sem unnin eru eftir kyni.*

	Kona/kvár	Karlar	Samtals
Sinna 0-7 atriðum	53,00%	87,34%	69,44%
Sinna 8 eða fleiri atriðum	47,00%	12,66%	30,56%

$\chi^2(1, N = 9.860) = 1400,00, p < 0.001$

Heimildarskrá

Varða-Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. (2025). *Staða Launafólks á Íslandi 2025*.
https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c3cc1cfecb34a9ca4a07fecce8c6d75.pdf